

VSÓ Ráðgjöf ehf
Guðjón Jónsson
Borgartúni 20
105 Reykjavík



UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 11. janúar 2018
Tilv.: UMH17110004/20-1

Vísað er til erindis yðar, dags. 1. nóvember sl. þar sem sótt er f.h. Efnarásar ehf um undanþágu frá starfsleyfi vegna starfsemi við Klettagarða í Reykjavík. Fram kemur í erindinu að fyrirtækið hafi verið til húsa á athafnarsvæði Hringrásar hf að Klettagörðum 9, töluverð þrengsl séu á svæðinu fyrir starfsemina og hafi fyrirtækið verið bútt að gera áætlanir um að byggja upp nýja aðstöðu á lóð við hlið Hringrásar að Klettagörðum 7 og nýta samlegðaráhrif milli lóða. Samhliða hafi verið unnið að því að finna nýjan stað fyrir fyrirtækið. Niðurstöður séu ekki komnar í þessi mál. Þar sem endurnýja þurfti starfsleyfið hafi fyrirtækið sótt um nýtt starfsleyfi í febrúar 2017 og Umhverfisstofnun hafi í ágúst 2017 tilkynnt að umsóknin sé fullnægjandi.


Í samræmi við ákvæði 3. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.


Í umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 10. janúar sl., kemur fram að stofnunin vinni að nýju starfsleyfi fyrir Efnarás ehf. Það sem hafi seinkað vinnslunni er tengsl starfseminnar við skipulag og svo umfang starfseminnar í umsókn. Í því sambandi hafi talsverð samskipti átt sér stað við skipulagsyfirvöld, hafnaryfirvöld og umsækjanda. Nú hafi borist nægileg svör frá sveitarfélaginu um starfsemina og umsækjandi hafi aðlagð umsókn sína að umfangi sem stofnunin telji rétt að miða við. Umhverfisstofnun geri ekki athugasemdir við að rekstraraðila verði veitt undanþága frá starfsleyfi í tiltekin tíma þar til að nýtt starfsleyfi verði gefið út.

Í ljósi framangreinds fellst ráðuneytið hér með á að veita Efnarás ehf undanþágu frá starfsleyfi vegna starfsemi við Klettagarða 9 í Reykjavík. Undanþágan er háð þeim skilyrðum að rekstraraðili fylgi ákvæðum starfsleyfis fyrir Spilliefnamóttöku Efnarásar ehf Klettagörðum, 104 Reykjavík sem upphaflega var gefið út 16. nóvember 2015 og fært yfir á nýjan rekstraraðila 8. júlí 2015 og gildi til 1. nóvember 2017. Undanþágan gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 1. júní 2018.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra


Sigurbjörg Sæmundsdóttir


Laufey Helga Guðmundsdóttir